

# FUNDARGERÐ

## 604. fundar sveitarstjórnar Mýrdalshrepps

Árið 2020, fimmtudaginn 18. júní, kom sveitarstjórn Mýrdalshrepps saman til fundar kl. 16:00 í Kötluasetri, Víkurbraut 28 í Vík.

Fundinn sátu: Einar Freyr Elínarson, Ingi Már Björnsson, Drífa Bjarnadóttir, Páll Tómasson og Pórey Richardt Úlfarsdóttir.

Að auki sat fundinn Þorbjörg Gísladóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerðina í tölvu og George Frumuselu skipulags- og byggingarfulltrúi sat fundinn að hluta.

Oddviti setti fundinn og stjórnaði honum og leitaði afbrigða til að taka eftirtalin mál á dagskrá fundarins:

III – 9 Rekstur Hjallatúns og bygging nýs hjúkrunarheimilis.

*Afbrigðin samþykkt.*

**Þetta var tekið fyrir:**

### 1. Verkefni sveitarstjóra.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir verkefnum síðustu vikna.

### 2. Fundargerð skipulagsnefndar.

Lögð fram 282. fundargerð Skipulagsnefndar Mýrdalshrepps frá 15. júní 2020. Eftirfarandi liðir eru til staðfestingar í sveitarstjórn:

#### 2.1. Mýrdalshreppur – Endurskoðun aðalskipulags.

Nefndin samþykkti að kynnt yrði skipulagslýsing vegna endurskoðunar aðalskipulags Mýrdalshrepps 2019-2031 skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

#### 2.2. Bakkabraut 6 – Umsókn um breytingu á notkun lóðar.

Nefndin vísaði til sveitarstjórnar umsókn frá Guðrúnu Sigurðardóttur um breytingu á lóð úr íbúðarhúsaloð í verslunar- og þjónustulóð.

IMB vikur af fundi

*Sveitarstjórn getur ekki orðið við erindinu. Skv. gildandi aðalskipulagi er umrædd lóð skilgreind á íbúðarsvæði og breytingin væri gegn stefnu sveitarstjórnar um að draga úr útleigu íbúðarhúsnæðis í skammtímaleigu.*

IMB kemur aftur inná fundinn.

#### 2.3. Hringvegur um Jökulsá á Sólheimasandi – Umsókn um framkvæmdaleyfi.

Nefndin gerði ekki athugasemd við umsókn Vegagerðarinnar um framkvæmdaleyfi

til að byggja nýja brú yfir Jökulsá og fól skipulags- og byggingarfulltrúa að ljúka málinu.

*Sveitarstjórn fagnar því að ný brú yfir Jökulsá verði loks að veruleika og staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

**2.4. Hringtorg í Víkurþorpi – Umsókn um framkvæmdaleyfi.**

Nefndin gerði ekki athugasemd við umsókn Framrásar ehf. um leyfi fyrir efnistöku úr námu við Kerlingardalsá vegna framkvæmda við hringtorg í Víkurþorpi og fól skipulags- og byggingarfulltrúa að ljúka málinu.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

**2.5. Dyrhólaey – Skilti.**

Nefndin samþykkti umsókn frá Umhverfisstofnun um leyfi fyrir því að setja upp upplýsingaskilti á Dyrhólaey.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

**2.6. Harðivöllur – Umsókn um byggingarleyfi.**

Nefndin gerði ekki athugasemd við umsókn um leyfi til endurbóta á fasteigninni við Harðavöll í Reynishverfi og fól skipulags- og byggingarfulltrúa að ljúka málinu.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

Aðrir liðir fundargerðarinnar lagðir fram til kynningar.

**3. Umsókn um gerð útivistarsvæðis í Vík.**

Lögð fram umsókn frá Óðni Gíslasyni, Sunnu Wíium Gísladóttur og Gunnari Sveini Gíslasyni um gerð útivistarsvæðis fyrir ofan Vík þar sem skipulagðar yrðu hjólaleiðir.

*Sveitarstjórn getur að svo stöddu ekki orðið við erindinu en leggur til að málið verði skoðað í tengslum við endurskoðun aðalskipulags.*

**4. Mótframlag vegna endurskoðunar aðalskipulags Mýrdalshrepps.**

Lögð fram drög að erindi til Skipulagsstofnunar þar sem sveitarstjórn Mýrdalshrepps óskar eftir mótframlagi vegna vinnu við endurskoðun aðalskipulags Mýrdalshrepps á grundvelli 18. gr. skipulagslaga.

*Sveitarstjórn samþykkir drögin og felur sveitarstjóra að senda inn erindið.*

George Frumuselu vísar af fundinum.

**5. Fundargerð Hollvínasjóðs Hjallatúns.**


Lögð fram til kynningar 36. fundargerð stjórnar Hollvínasjóðs Hjallatúns frá 10. júní 2020.

**6. Fundargerð rekstrarnefndar Hjallatúns.**

Lögð fram til kynningar 184. fundargerð rekstrarnefndar Hjallatúns frá 10. júní 2020.

**7. Hækkun á yfirdráttarheimild fyrir Hjallatún.**

Lögð fram tillaga um að yfirdráttarheimild fyrir Hjallatún verði hækkuð í 20.000.000 kr.



*Sveitarstjórn samþykkir tillöguna.*

## **8. Rekstur Hjallatúns og bygging nýs hjúkrunarheimilis.**

Lögð fram svohljóðandi tillaga:

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps leggur til við heilbrigðisráðherra að byggt verði nýtt hjúkrunarheimili í Vík og felur sveitarstjóra og oddvita að hefja viðræður við ráðuneytið.

Ljóst er að aðbúnaður heimilis- og starfsfólks á Hjallatúni er langt í frá að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru og því rétt að skoða hvort forsendur séu til þess að byggja frá grunni nýtt hjúkrunarheimili.

Árið 2012 var á vegum embættis landlæknis gerð úttekt á starfsemi Hjallatúns. Meginniðurstaða þeirrar úttektar var sú að starfsmenn Hjallatúns sinni íbúum heimilisins af alúð við erfið skilyrði. Íbúum Hjallatúns er tryggð hjúkrunar- og ummönnunarpjónusta allan sólarhringinn og er hjúkrunarfræðingur ábyrgur fyrir hverri vakt.

Ennfremur segir í úttektinni. „Talsvert vantar á að húsnæðið uppfylli þau skilyrði sem sett eru um hjúkrunarheimili í dag. Húsnæði heimilisins er barn síns tíma, herbergin eru lítil og því vankvæðum bundið að nota stærri hjálpartæki og því er erfitt að sinna hjúkrun íbúa. Eins eru innréttingar og húsgögn lúin og þarfnast endurnýjunar. Aðstaða til virkni og félagsstarfs fátægleg og hvorki er starfandi sjúkrahjálpari né iðjupjálfi við heimilið og tækjabúnað og aðstöðu vantar til slíks.“

Hvorki hefur gengið né rekið að fá viðbótarfjármagn frá ríkinu til reksturs heimilisins en Mýrdalshreppur hefur á síðustu árum þurft að lána Hjallatúni háar fjárhæðir til að halda rekstrinum gangandi. Fulltrúar sveitarfélagsins hafa ítrekað á síðustu árum rætt þessi mál við heilbrigðisráðuneytið án árangurs. Mikilvægt er að ríkið gangist við skyldum sínum við rekstur lítilla hjúkrunarheimila um allt land og hækki smæðarálag sem greitt er með minni heimilum.

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps felur sveitarstjóra jafnframt að leita eftir tilboðum í þarfagreiningu vegna byggingar nýs hjúkrunarheimilis í Vík sem hafa megi til grundvallar í viðræðum við ráðuneytið.

*Sveitarstjórn samþykkir tillöguna og felur sveitarstjóra og oddvita framgangur málsins.*

## **9. Fundargerð ungmennaráðs Mýrdalshrepps.**

Lögð fram fundargerð 3. fundar ungmennaráðs Mýrdalshrepps frá 22. maí 2020. Eftirfarandi er til afgreiðslu í sveitarstjórn:

### **9.1. Smíðakennsla í Víkurskóla.**

Ungmennaráðið skoraði á sveitarstjórn að kanna möguleikann á því að koma á smíðakennslu við Víkurskóla.

*Sveitarstjórn þakkar ungmennaráðinu fyrir réttmæta ábendingu og tekur undir að þörf sé á því að koma á smíðakennslu við Víkurskóla. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra í samráði við stjórnendur Víkurskóla að leita lausna.*

*Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að svara öðrum fyrirspurnum sem fram komu á fundinum.*

Aðrir liðir fundargerðarinnar lagðir fram til kynningar.

## 10. Umsagnarbeiðnir frá Sýslumanninum á Suðurlandi.

Fram voru lagðar eftirfarandi umsagnarbeiðnir:

10.1. Vegna umsóknar um tækifærisleyfi frá Smiðjunni Brugghús ehf. vegna Jónsmessuhátíðar í Víkurfjöru þann 27. júní nk.

ÞRÚ vikur af fundi

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við útgáfu leyfisins.*

ÞRÚ kemur aftur inná fundinn.

10.2. Vegna umsóknar um rekstrarleyfi frá E. Guðmundsson ehf. til sölu gistingar í flokki IV – hótél á Klettsvegi 1 fnr. 221-9953 fyrir Hótél Vík í Mýrdal.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við útgáfu leyfisins.*

10.3. Vegna umsóknar um rekstrarleyfi frá Sæsi ehf.

IMB vikur af fundi.

*Sveitarstjórn fellst ekki á útgáfu rekstrarleyfisins þar sem um er að ræða íbúðarhúsalóð og ekki stendur til að gera skipulagsbreytingar sem myndu heimila rekstur gistiheimilis á umræddri lóð.*

IMB kemur aftur inná fundinn.

## 11. Erindi frá Golfklúbbnum í Vík.

Lagt fram erindi frá Golfklúbbnum í Vík þar sem óskað er eftir því að samningur verði gerður milli klúbbsins og sveitarfélagsins til að styðja við rekstur félagsins og efla ungmennastarf innan klúbbsins.

*Sveitarstjórn samþykkir að veita styrk að upphæð 600.000 kr. háð því að samningar náist við golfklúbbinn og felur sveitarstjóra að ljúka málinu.*

## 12. Kjörskrá vegna forsetakosninga 2020.

Lögð fram kjörskrá Mýrdalshrepps fyrir forsetakosningar 2020. Kjörskráin hefur verið yfirfarin af sveitarstjórn og mun vera aðgengileg á skrifstofu Mýrdalshrepps til kjördags.

## 13. Ársreikningur Mýrdalshrepps 2019.

Tekinn var til síðari umræðu ársreikningur Mýrdalshrepps fyrir árið 2019.

Rekstrartekjur A hluta voru 715,4 millj. kr., rekstrargjöld fyrir utan afskriftir voru 577,1 millj. kr. og afskriftir voru 19,7 millj. kr. Fjármagnsliðir voru neikvæðir um 9,6 millj. kr. og er því rekstrarniðurstaða A hluta jákvæð um 128,2 millj. kr.

Rekstrartekjur Samstæðunnar voru 714,7 millj. kr., rekstrargjöld fyrir utan afskriftir voru 559,8 millj. kr. og afskriftir voru 32,5 millj. kr. Fjármagnsliðir voru jákvæðir um 30,2 millj. kr. og er því rekstrarniðurstaða A og B hluta jákvæð um 92,3 millj. kr.

Eigið fé og skuldir samstæðunnar eru 1.352,1 millj. kr.

*Sveitarstjórn staðfestir með undirritun sinni ársreikninginn við síðari umræðu. Sveitarstjórn þakkar sveitarstjóra, forstöðumönnum stofnana sem og öðru starfsfólki sveitarfélagsins fyrir sinn þátt í góðri niðurstöðu rekstrar sveitarfélagsins.*

#### **14. Kjör oddvita og varaoddvita.**

Tillaga gerð að því að kjörnir verði til eins árs Einar Freyr Elínarson sem oddviti og Ingi Már Björnsson sem varaoddviti.

*Samþykkt samhljóða.*

#### **15. Reglur um sérstakan húsnæðisstuðning.**

Lögð fram tillaga frá Félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu að reglum um sérstakan húsnæðisstuðning.

*Sveitarstjórn samþykkir tillöguna og fellir jafnframt úr gildi reglur sem áður höfðu verið samþykktar í sveitarstjórn í ágúst 2019.*

#### **16. Viðauki 1 við fjárhagsáætlun 2020.**

Lögð fram tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2020.

Viðauki 1:

Breytingar á rekstraráætlun frá upphaflegri áætlun eru jákvæðar breytingar á rekstri nettó um 22,6 millj. kr.

Fjárfesting er hækkuð um 20 millj. kr. vegna gatnagerðar, áætluð lántaka vegna þess er 20 millj. kr. og að auki hefur hann jákvæð áhrif á rekstur um 22,6 millj. kr. Þannig að það er hægt að samþykkja hann.

Viðauki vegna Covid:

Tekjufall vegna Covid er áætlað um 143,5 millj. kr. stuðst við minnisblað frá Byggðastofnun frá því í maí 2020.

28% lækkun útsvari eða um 131 millj. kr. og 16% lækkun Jöfnunarsjóðsframlög eða um 12,5 millj. kr. frá upphaflegri áætlun.

Mikil óvissa ríkir um þessa áætlun sem gæti tekið breytingum eftir því hvernig mál þróast innan ferðaþjónustunnar.

Samtals breytingar viðauka 1 og viðauka vegna covid:

Nettó breytingar hafa þau áhrif á upphaflega áætlun 2020 að rekstrarniðurstaða AB hluta fer úr því að vera jákvæð um 39 millj. kr. í að vera neikvæð um 82 millj. kr.

Nettó útgjaldaauki er áætlaður um 120,9 millj. kr.

Veltufé verður neikvætt um 29,1 millj. kr. og því ekkert svigrúm til fjárfestinga eða afborgana lána.

Sveitarfélagið þarf að ganga á handbært fé sem var um 66,5 millj. kr. í ársbyrjun 2020 og nýta yfirdráttarlán um 13 millj. kr. til að loka fjárförf.



Aðgerðir ríkisstjórnarinnar:

Sveitarstjórnarráðuneytið vinnur nú að því að skoða stöðu ferðaþjónustu sveitarfélaga og til hvaða aðgerða þarf að grípa til að aðstoða þau til að láta enda ná saman. Á meðan ekki er vitað hver niðurstaðan verður í því er gert ráð fyrir að grípa þurfi til yfirdráttarheimildar tímabundið.

*Sveitarstjórn samþykkir tillöguna.*

#### **17. Niðurfelling fundar sveitarstjórnar í júlí.**

*Sveitarstjórn samþykkir að fella niður reglulegan fund sveitarstjórnar í júlí 2020.*

#### **18. Fundargerðir til kynningar.**

Eftirfarandi fundargerðir voru lagðar fram til kynningar:

Fundargerð Rangárbakka, þjóðleiksvangs íslenska hestsins, haldinn 27. apríl 2020.

Fundargerð 205. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands, haldinn 2. júní 2020.

Fundargerð 6. fundar stjórnar Skógasafns, haldinn 9. desember 2020.

Fundargerð 17. fundar Bergrisans, haldinn 3. júní 2020.

Fundargerð 77. fundar Félagsmálnefndar Rangárvalla- og Vestur- Skaftafellssýslu, haldinn 11. júní 2020

#### **19. Kynningarefni.**

Eftirfarandi lagt fram til kynningar:

Samningur um styrk úr Húsfriðunarsjóði.

*Sveitarstjórn samþykkir að fella niður öll opinber gjöld vegna endurbyggingar Halldórsbúðar.*

Viðbragðsáætlun Heilbrigðisnefndar Suðurlands til að bæta loftgæði utandyra.

Bréf frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra.

Beiðni sveitarstjórnarráðherra vegna fasteignaskatts.


Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum og honum slitið kl. 17:32




Einar Freyr Elínarson, oddviti




Ingi Már Björnsson



Drífa Bjarnadóttir



Páll Tómasson



Þórey Richardt Úlfarsdóttir